

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Vestmannaeyjabæ.

Deiliskipulag Skans og Skanshöfða.

Bæjarstjórn Vestmannaeyja samþykkti á 1620. fundi sínum 29. október 2025 tillögu að deiliskipulagi Skans og Skanshöfða skv. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Tillaga að breyttu skipulagi felur í sér tvo nýja byggingarreiti á Skanshöfða. Annar byggingarreiturinn er fyrir 4 hæða hótél með allt að 90 herbergjum og hinn fyrir allt að 1.500 m² baðlón fyrir allt að 125 gesti ásamt þjónustubyggingu og veitingastað. Engin ný mannvirki eða byggingarreitir eru fyrirhuguð á Skansinum en gerð er grein fyrir núverandi byggingum og skráðum minjum.

Gert er ráð fyrir að notkun jarðsjávar vegna vökvæðurnýjunar í lóninu og fyrir varmadælur að meðaltali 415 l/s samanlagt, auk 2-5 l/s af neysluvatni. Fyrir 1.500 fermetra baðlón er áætluð varmaorkunotkun 21 GWh_{th} á ári og topp álag rafmagnsnotkunar er 2.100 kW_e.

Samhliða málsmeðferð deiliskipulags á Skans og Skanshöfða var unnin breyting á aðalskipulagi Vestmannaeyja 2015-2035 þar sem notkun á afmörkuðum reit á Skanshöfða er breytt í verslun og þjónustu og þar settir fram skilmálar sem afmarka uppbyggingaráform á höfðanum.

Meginmarkmið deiliskipulagsins er að stuðla að varðveislu núverandi menningar- og náttúruminja, samhliða uppbyggingu aðlaðandi svæðis fyrir útivist og nýs áfangastaðar á Heimaey.

Deiliskipulagið hefur hlotið málsmeðferð skv. ákvæði skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Vestmannaeyjum, 11. febrúar 2026.

F.h. Vestmannaeyjabæjar,
Dagný Hauksdóttir, skipulags- og umhverfisfulltrúi.

B deild - Útgáfudagur: 25. febrúar 2026